

Nr. 3/1900:

Ingvar Ingvarsson  
 gegn  
 Kristjáni Þorgrímssyni  
 fyrir hönd verzlunar W. Fischers  
 í Hafnarfirði.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað af kaupmanni Kristjáni Þorgrímssyni í Reykjavík fyrir hönd W. Fischers verzlunar í Hafnarfirði gegn Ingvari Ingvarssyni, bónda á Kalmanstjörn, til greiðslu á verzlunarskuld, og var Ingvar Ingvarsson með gestaréttardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 9. sept. f. á., dæmdur til þess að greiða hina umkröfðu skuld, 76 kr. 40 aura, með 5% vöxtum frá 19. júní 1899 þangað til borgun fer fram, og málskostnað eftir reikningi 54 kr. 50 aur. Dómi þessum hefir Ingvar Ingvarsson skotið til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 9. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður fyrir kærnum og kröfum stefnda, og að sér verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum með 50 kr., eða eftir réttarins mati. Stefndi Kristján Þorgrímsson hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr., eða einhverju nægilegu eftir réttarins mati. Hinn stefndi byggir kröfu sína gegn áfrýjanda á reikningi yfir viðskifti hans við verzlun P. C. Knudtson & Söns í Hafnarfirði frá ársbyrjun 1893 til ársloka 1894,

og síðan á viðskiftareikningi hans við W. Fischers verzlun sama staðar frá ársbyrjun 1895 til 1898, og er W. Fischers verzlun áframhald af P. C. Knudtzons verzlun. Eftir þessum reikningi var skuld áfrýjanda hinn 1. jan. 1893 63 kr., hinn 1. janúar 1895 var hún 3 kr. 29 aur., við ársbyrjun 1897 er hún talin 73 kr. 63 aur., og 1898 76 kr. 40 aur., og er hann nú krafinn um þessa upphæð. Reikningarnir eru löglega staðfestir útdrættir úr verzlunarbókum áðurnefndra kaupmanna, og stafar skuldin eftir þeim frá úttekt á ýmis konar almennum verzlunarvörum. Verzlunarúttekt áfrýjanda þessi ár eftir reikningunum er þó miklu hærri en hin umkrafða skuld, þar sem greiðslur hans til verzlunanna á sama tíma eru í þessum reikningum taldar 930 kr. 49 aur., og verðuppbót að auki 10 krónur.

Fyrir gestaréttinum mótmælti áfrýjandi með öllu hinni umstefndu skuld, »með því að hann ekki viti til þess, að hann skuldaði nokkuð til W. Fischers-verzlunar í Hafnarfirði; hann hafi reyndar haft viðskifti við fyrverandi forstjóra verzlunarinnar, Gunnlaug heitinn Briem, en þau viðskifti hafi verið klár og séu því þessu óviðkomandi«; og síðar fyrir gestaréttinum tekur hann það fram, að hann hafi engin viðskifti haft við verzlun Knudtzons í Hafnarfirði, heldur við Gunnlaug sál. Briem persónulega. Fyrir yfirdóminum hefir svo áfrýjandi ítrekað neitun sína um það, að hann hafi skift við Knudtzon's verzlun í Hafnarfirði eða við

þá verzlun eftir að hún var orðin eign W. Fischers.

Með því áfrýjandi þannig hefir neitað því eindregið, að hann hafi átt verzlunarviðskifti við Knudtzons verzlun í Hafnarfirði eða núverandi eiganda hennar W. Fischer, en stefndi hins vegar ekki hefir fært næga sönnun fyrir að svo hafi verið, virðast úrslit málsins eiga að vera komin undir eiði áfrýjanda, þannig, að ef hann með eiði synjar fyrir, að hann á því tímabili, sem umstefnd skuld á að vera til orðin, hafi haft verzlunarviðskifti við P. C. Knudtzons verzlun í Hafnarfirði eða við þá verzlun eftir að hún var orðin eign W. Fischers, þá skuli hann vera sýkn af kærur og kröfum stefnda í máli þessu, og á málskostnaður þá að falla niður, en treysti hann sér ekki til að vinna svo feldan eið, á hann að greiða Kristjáni Þorgrímssyni fyrir hönd verzlunar W. Fischers í Hafnarfirði kr. 76, 40 aur. með 5% vöxtum frá 19. júní 1899 unz borgað er að fullu; svo ber honum og þá að greiða stefnda málskostnað fyrir báðum réttum, er þykir hæfilega metinn 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi Ingvar Ingvarsson eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi vinnur eið að því, að hann ekki hafi haft nein verzlunarviðskifti við P. C. Knudtzons verzlun í Hafnarfirði eða W. Fischers verzlun í Hafnarfirði á tímabilinu frá ársbyrjun 1893 þangad til á árinu 1898, á hann að vera sýkn af

kærum og kröfum stefnda í málinu og fellur þá málskostnaður niður. En treysti hann sér ekki til að vinna svo feldan eið, ber honum að greiða stefnda kr. 76 40 aur. með 5% vöxtum frá 19. júní 1899, unz borgað er að fullu, og 50 kr. í málskostnað fyrir báðum réttum.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að við iagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. aprilmánaðar.

Nr. 14/1900.

Réttvísinn

gegn

Bárði Kristjáni Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjardarsýslu, uppkveðnum 5. febr. þ. á., var hinn ákærði, búfræðingur Bárður Kristján Guðmundsson á Hesteyri, dæmdur fyrir húsbrennu samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 283. gr. 2. málslíð, til að sæta 2. ára betrunarhúsvinnu, greiða iðgjöld til Ingibjargar Halldórsdóttur 131 kr. 75 aur., svo og lúka öllum af málsrekstrinum í héradi og varðhaldsvist hans leiðandi kostnaði að meðtöldum málsvarnarlaunum til verjanda hans, 8 krónum. Dómi þessum hefir verið áfrýjað til yfir dómsins að beiðni hins ákærða.

Hinn ákærði bygði árið 1898 hús á verzlun-